

Ná.

256. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir borið frv. þetta undir bæjarstjórnina í Hafnarfirði og fengið svar, sem greinir á þingskj. 243, þar sem bæjarstjórnin mælir »eindregið á móti því, að frumvarpið verði að lögum á Alþingi«.

Hinsvegjar liggur ekkert fyrir um það, að það sje neinn almennur vilji í Hafnarfirði, að frumv. verði að lögum. Flutningsm. þess segir að vísu í greinargerðinni, að frv. sje flntt »eftir beiðni nokkurra manna í Hafnarfirði«, en engar frekari upplýsingar liggja þó fyrir um það.

Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að ekki sje rjett að gera frumv. þetta að lögum á móti vilja hlutaðeigandi kaupstaðar, og ræður því háttv. deild til að fella það.

Alþingi, 29. mars 1924,

Jón Kjartansson,
form.

Bernharð Stefánsson,
frsm.

Magnús Jónsson.

Jörundur Brynjólfsson.